

Alþingi
Erindi nr. P 141/1400
komudagur 7.2.2013

Kayakklúbburinn

Reykjavík, 7. febrúar 2013

Nefndasvið Alþingis
Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn Kayakklúbbsins um frumvarp til Náttúruverndarlaga, þingskjal 537 – 429. mál

Kayakklúbburinn, félag þeirra sem stunda útivist á kayakbátum á sjó, vötnum og í straumvatni, fagnar mörgum jákvæðum þáttum í ofangreindu frumvarpi til náttúruverndarlaga, sem nú liggur fyrir Alþingi. Þar er leitast er við að sameina eldri lagafyrirmæli í ein lög, með víðtækum ákvæðum um ýmsa þætti náttúruverndar. Flest er þar til bóta frá fyrri lögum. Jafnframt er þar þó að finna ákvæði sem félagar Kayakklúbbsins telja að geti þrengt að almannarétti og um leið möguleikum félaga til að geta stundað á þá útivist og íþróttaiðkun sem felst í róðri kanó-, kayak- og skyldra smærri báta. Kayakklúbburinn var stofnaður árið 1981 og telur um 300-400 virka félaga af samtals um 600 félögum. Aðrir klúbbar eru á Ísafirði, í Neskaupstað, á Akureyri og Álftanesi. Talsvert fleiri eiga báta af þessu tagi en sem eru í þessum klúbbum og á mörgum stöðum á landinu öðrum. Kayakklúbburinn er aðili að Íþróttabandalagi Reykjavíkur og Siglingasambandi Íslands. Fyrir hönd Kayakklúbbsins og í framhaldi af umræðum og gerð meðfylgjandi ályktunar aðalfundar Kayakklúbbsins frá 31. janúar s.l., leyfum við okkur að skrifa umhverfis- og samgöngunefnd og benda á nokkur atriði sem við teljum varða aðgengi að sjó, vötnum og straumvatni. Nýju lögini koma í stað eldri náttúruverndarlaga nr. 44/1999 og Vatnalaga.

Umferð ræðara eða gangandi fólks um óræktað land

Í 18. grein frumvarpsins er tekið fram að almenningi sé heimil för um landið og dvöl þar í því sem nefnt er „lögmaetum tilgangi“, en ekki er skilgreint nánar hvað felst í lögmaeti. Skilja má af 17. grein að átt sé við almannarétt, sem þar er skilgreindur með víðum hætti með tilvísun í eldri lög („fjáls afnot af landi og landsgæðum, til farar um land og vötn án tillits til eignarhalds“). Getið er um umgengnis skyldur og klúbbfélagar eru fyllilega sammála þeim ákvæðum, enda hefur góð umgengni um landið verið áhersluatriði hjá Kayakklúbbum og í klúbbferðum. Það má þó teljast umhugsunarefni hversvegna „lögmaeti“ er ekki skilgreint nánar eða útskýrt með einhverju móti í athugasemdum með frumvarpinu. Í 19. gr. frumvarpsins er svo fjallað um umferð og dvöl fólks um landið, þ.m.t. óræktað land. Þar er heimilt að banna för um óræktað land vegna nýtingar eða verndunar „í sérstökum tilvikum“. Þetta gæti átt við um tilvik sem mætti nota til að reyna að meina landtöku, til dæmis vegna hvíldar, eða aðkomu að sjó eða vatni. Í athugasemdum við greinina kemur ekki fram að landeigandi skuli sýna fram á raunverulega þörf á að loka fyrir umferð eða við hvaða skilyrði svo megi gera. Ákvæði af þessu tagi var ekki að finna í eldri lögum sem höfðu ávallt almanna- og umferðarrétt að leiðarljósi. Við teljum að þessi ákvæði séu óskilgreind, óskýr og veiti möguleika á túlkun í of víðtækum tilgangi til að vernda meinta eigin hagsmuni á kostnað almennaréttar.

Ræðarar hafa oft orðið fyrir því að landeigendur, svo sem við sumarbústaðalönd eða eyjalönd, hafa viljað meina ræðurum för um eða við eignar- eða leiguland eða dvöl þar, þó stutt væri. Fyrirvarar í greininni tryggja ekki almennarétt. Nauðsynlegt er að heimildinni til að banna umferð verði breytt, þannig að landeiganda sé ekki selt sjálfðæmi um að meta hvenær loka megi aðgengi. Slík lokun ætti í anda laganna og almennaréttar að vera háð samþykki til dæmis umhverfisráðuneytis eða umhverfisstofnunar og vera undantekningarheimild. Sé slík lokun samþykkt að ósk landeigenda eða umsjónarmanna lands, þá þarf engu að síður að tryggja leiðir fyrir göngufólk gegnum landareignina og leyfi fyrir ræðara til landtöku og hvíldar. Kayakklúbburinn fer þess á leit við horft verði til samsvarandi ákvæða í náttúruverndarlögum frá 1956. Þau ákvæði byggja á þeim umferðarrétti almennings um eignarlönd sem frá fornu hefur ríkt á Íslandi.

Umferð meðfram og á ám, vötnum og við sjávarströnd

Í fyrri náttúruverndarlögum tryggðu ákvæði frjálsa för meðfram sjávarströnd, vatnsbakka og árbakka. Í 21., 22. og 26. grein nýja frumvarpsins er fjallað um þetta, en ekki með fullnægjandi hætti. Hér er ekki getið um bátaumferð nema í annarri málsgrein, þar sem segir að heimilt sé að fara „á bátum um öll skipgeng vötn“. Orðin „bátur“ og „skipgengi“ eru ekki nánar skýrð. Kayakar eru óumdeilanlega bátar og það óvélknúinir, en teljast þeir skip og við hvað er miðað þegar talað er um skipgengi? Dómur hefur fallið kayakmönnum í mót þegar menn voru ákærðir fyrir á róa á róðrarhæfri á sem taldist samt ekki skipgeng. Í þessu felst mótsögn sem okkur finnst ekki við unandi. Þá er í engu minnst á ár eða straumvötn eða för um fjörur eða sjávarbakka, för nálægt flæðarmáli eða nálægt landi. Eingöngu er talað um „vötn“. Aðkoma að fjörum skiptir líka máli, m.a. til að lágmarka með skynsamlegum hætti, í anda 18. greinar frumvarpsins, að torveldaður sé flutningur á bátum að og frá sjávarströnd, ám eða vötnum. Þá þarf landeiganda að vera skylt að hafa hlið eða stiga yfir girðingu ef girða á fram á vatns-, ár- eða sjávarbakka. Ræðurum skal á móti skylt að sýna fyllstu tillitssemi, ábyrgð og samvinnu í umgengni um landið, eins og frumvarpið kveður á um.

Ákvæðið í 21. gr. frumvarpsins um för á bátum um öll skipgeng vötn er úr Vatnalögum frá 1923 en var fellt út í endurskoðun þeirra laga árið 2006, sem ekki tók gildi. Þar var lagt til viðtækra ákvæði um að almenningi væri heimil för um vötn, með almennum takmörkunum laga og var þá væntanlega átt við hin sjálfsgöðu ákvæði góðrar umgengni. Engin ástæða getur staðið til þess að torvelda fólki að stunda útivist með hliðsjón af almennum umgengnisákvæðum laganna, þ.e.a.s. með því að torvelda aðkomu að ám, vötnum og sjávarsíðu og för þar um. Hið minnsta þarf að fella burt orðið „skipgeng“. Þá verður að benda á að umferð um ár-, vatns- eða sjávarbakka á ekki að takmarkast við notkun „til sunds eða baða“, því hér þarf einnig að gera ráð fyrir íþróttaiðkun, s.s. vegna róðra, og að ekki sé að óþörfu heft för um ár eða vötn.

Benda má á að í 22. grein er talað um uppsetningu viðlegutjalda. Vandséd er hvernig talan um „þrjú“ tjöld hefur verið valin, einkum ef tillit er tekið til þess að yfirleitt leita hópar fyrirfram leyfis landeigenda og geta þá um líklegan fjölda ferðalanga, eins og verið hefur í skipulögðum stærri ferðum Kayakklúbbsins. Þessu ákvæði ætti að breyta og rýmka það með tilvísan til leyfis landeigenda þar sem því verður viðkomið með skynsamlegum hætti. Ekki ósjaldan hafa fleiri en þrjár róid, til dæmis meðfram eyðiströndum eða milli eyja og um vötn eða firði í óbyggðum eða nálægt óbyggðum eignarlandi og þurft að tjalda til næturhvíldar án þess að unnt væri að spyrja eigendur fyrirfram. Aldrei er vitað til að það hafi valdið skaða.

Klúbbfélagar fara á hverju ári nokkrar skipulagðar hópferðir þar sem gist er í tjöldum og oft er reynt fara á óbyggð svæði. Ákvæði um að leitast skuli við að gista á skipulögðum tjaldsvæðum í 24. grein stangast á við ósk margra um að geta notað náttúruna sjálfa til gistingar að umgengnisreglum virtum.

Ákvæði um akstur.

Í athugasemdum við IV. kafla frumvarpsins er sá skilningur að akstur á ökutækjum falli ekki undir almannarétt. Þessi túlkun á almannarétti er óheppileg hvað varðar aðkomu að strönd eða ám. Ekki á að vera hægt að hindra aðkomu þar, til dæmis við að flytja bát að vatni og nýta til þess sjáanlega slóða, með leyfi landeigenda ef því er að skipta. Þannig leyfi hafa kayakræðarar oft fengið hjá landeigendum, jafnvel þótt ólíklegt megi teljast að slóðar væru eða yrðu merktir á opinberan kortagrunn. Breytingar síðari ára á eignarhaldi á landi hafa leitt til þess að algengra er að landeigendur vilji hindra umferð um vegi eða slóða sem liggja í gegnum þeirra landareign, jafnvel þó um sé að ræða ógirt og ónyttuð svæði eða vegi sem lagðir eru fyrir almannafé. Vegi eða greinilega slóða utan afgirts svæðis á að vera unnt að nota til aðkomu að ám og ströndum og innan afgirts svæðis með leyfi eigenda þess. Hér þarf að huga að breytingum á fyrstu málsgrein 31. greinar frumvarpsins, þar sem aðeins er fjallað í undantekningarákvæðum um akstur á jöklum og frosinni jörð. Þá verður 32. grein einnig að teljast takmarkandi að þessu leyti.

Við vonum að umhverfis- og samgöngunefnd taki tillit til þessara athugasemda Kayakklúbbsins.

Við erum tilbúin að að koma á fund nefndarinnar f.h. Kayakklúbbsins og þessarar greinar útvistarfólks til að ræða þetta frekar. Sjálf leyfum við okkur að bera fram ósk um að vera kölluð á fund nefndarinnar ef því verður við komið í umfjöllun um frumvarpið og framkomnar athugasemdir okkar félags og annarra.

Virðingarfyllst,

f.h. Kayakklúbbsins,

Páll Gestsson, formaður

Gunnar Ingi Gunnarsson, formaður ferðanefndar

Ásta Þorleifsdóttir

Reynir Tómas Geirsson

Sveinn Axel Sveinsson

Ályktunartillaga. samþykkt á aðalfundi Kayakklúbbsins þann 31. janúar 2013.

Aðalfundur Kayakklúbbsins ályktar að beina þeim eindregnu tilmælum til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis og umhverfis- og auðlindaráðherra að endurskoða vandlega frumvarp til laga um náttúruvernd (þingskjal 537, 429.mál), sem lagt var fyrir Alþingi á 141. löggjafarþingi 2012-2013, með það í huga að í engu verði frá núgildandi lögum skertir möguleikar almennings til útivistar, íþróttaiðkunar og ferða um landið, hvorki á landi, sjó, vötnum og vatnsföllum, að teknu tilliti til náttúruverndar og krafna um góða almenna umgengni.

Landvernd og góð umgengni um náttúruna eru félögum þessa klúbbs og annarra kayakklúbba í landinu sérstakt áhugamál. Kayakklúbburinn styður flest framkomin ákvæði í frumvarpinu sem varða útivist og umgengni um landið og telur þau líkleg til að stuðla að bættri umgengni og nýtingu landsins með tilliti til íþróttar og útivistar, og þá sérstaklega hvað varðar vötn, ár og sjávarsíðu, en vekur jafnframt athygli Alþingis á að landeigendur, hvort heldur opinberir eða einkaaðilar, eiga ekki að geta skert möguleika almennings að þessu leyti. Allir sem stunda útivist og ferðir um landið taka undir það sem sagt er í 1., 2. og 3. grein frumvarpsins. Þeir sem stunda róður og ferðir á óvélknúnum bátum eins og kayökum um ár, vötn og sjó hafa í þrjá áratugi sjálfir og með hvatningu til annarra lagt áherslu á þau atriði sem þar eru nefnd og fjölmörg önnur atriði frumvarpsins sem varða ferðir um og við landið. Í því skyni er þörf á að séð verði til þess að ákvæði í IV. kafla frumvarpsins skerði ekki almannarétt og möguleika á útivist frá því sem er í gildandi náttúruverndar- og vatnalögum. Hér er sérstaklega bent á 18., 19. og 21. grein frumvarpsins sem túlka má á þann hátt að för um landið væri unnt að takmarka af hálfu landeigenda og opinberra aðila þannig að í reynd mætti draga úr umgengnisrétti gangandi fólks og ræðara. Orðalag í frumvarpinu er hvað þetta varðar misvísandi og óskýrt, þrátt fyrir að almennum ákvæðum og anda lagafrumvarpsins sé greinilega ekki ætlað að hafa slík áhrif.

Kayakklúbburinn leggur áherslu á að samráð verði haft við félagssamtök um útivist í landinu af hálfu umhverfis- og samgöngunefndar með það að markmiði að sem best sátt ríki um orðalag og orðaval í nýjum lögum.